


Bekkjarnámskrá 4. bekkjar í íslensku



Inngangur

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist námið í eftirfarandi þætti: **talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði**. Ölduselsskóli leggur sérstaka áherslu á hlustun, framsögn og áhorf en einnig er lögð áhersla á heildstæða móðurmálskennslu, þ.e.a.s. tengsl þessara þátta og viðfangsefna innbyrðis og að eðlilegur stígandi sé í náminu miðað við aldur og þroska nemenda.

Í lok 4. bekkjar á nemandi að geta beitt áheyrilegum framburði, hlustun og áhorfi og sýnt skilning í framsögn, hlustun og áhorfi. Tjáð sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu. Lesið nokkuð skýrt og af skilningi almenna texta og geti valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestragetu og þekkingu. Nýtt sér eigin orðaforða til að skilja texta út frá samhengi. Þekkir nokkur form bókmenntatexta. Beitt grunnþáttum í byggingu texta í ritun s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi. Beitt einföldum stafsetningarreglum í ritun. Gert sér grein fyrir hlutverki málfræði í tungumálinu og þekki nokkur málfræðihugtök.

Íslenska er samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar um 11 stundir á viku.

Unnið er eftir hugmyndum *Byrjendalæsis* þar sem samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs. Lögð er áhersla á gagnvirkan lestur og að nemendur lesi í skólanum, bæði fyrir kennara og bekkjarfélaga.

Nemendur eru þjálfaðir í framsögn með því meðal annars að segja skoðun sína og lesa frumsamdar sögur og ljóð fyrir bekkinn.

Til að þjálfra hlustun er ætlast til að nemendur hlusti vel þegar kennari eða samnemendur lesa upphátt fyrir bekkinn. Ætlast er til að nemendur lesi upphátt á hverjum degi fyrir foreldra sína í lestrarbókum.

Nemendur æfa málnotkun, lesskilning, stafsetningu og ýmis málfræðiatríði á fjölbreyttan hátt. Þessi vinna tengist oft því sem nemendur eru að gera í öðrum námsgreinum. Unnið verður með fjölbreytt verkefni sem auka orðaforða nemenda s.s. krossglímur, hugtakakort, orðarugl, orð í orðinu/ orð úr orðinu og orð dagsins.

Í ritun þurfa nemendur að vinna verkefni með eða án heimilda. Lögð er áhersla á að kenna nemendum uppbyggingu ritsmíða svo sem inngang, meginmál og lokaorð og skráningu heimilda þar sem það á við.

Bókmenntir eru einnig notaðar í verkefnavinnu nemenda til dæmis til að auka lesskilning, gera persónulýsingar, raða í stafrófsröð, finna nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, samheiti og andheiti. Kennsla er í formi innlagnar kennara og sjálfstæðrar vinnu nemenda. Nemendur vinna ýmist einir eða í hóp. Nemendur vinna einnig á vinnustöðvum. Vinnustöðvar eru svæði þar sem nemendur vinna saman í pörum. Þar æfa nemendur það sem lagt hefur verið inn hjá öllum hópnum og fá tækifæri til að þjálfra sig í og nýta þá þekkingu sem verið er að kenna þeim hverju sinni. Kennari leggur inn og útskýrir vel hvað gera skal á hverri stöð auk þess eru allar stöðvar með skýrum leiðbeiningum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Lögð verður áhersla á áheyrilegan upplestur. Nemendur fá þjálfun í að lesa fjölbreyttan texta, eigin ritverk, ljóð og ýmis verk í tengslum við námsefni hverju sinni. Nemendur fá endurgjöf jafnóðum frá kennara og samnemendum. Nemendur hlusta á upplestur á fjölbreyttum bókmenntum, horfa á fræðsluefni sem tengist námsefni, skoða og lesa rafrænt efni o.s.frv. Nemendum er boðið á leiksýningar og aðrar uppákomur í t.d. hátíðarsal skólans.

Hæfniviðmið

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði, • sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið, • hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni, • nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi, • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Almenn kennsla.	Nemendur kynna verkefni sín, hlusta og horfa á aðra nemendur flytja verkefni sín.	Leiðsagnarmat. Virgni í kennslustundum.
Paralestur.	Hlustun, lestur, draga saman og endursögn ýmissa texta.	Leiðsagnarmat
Ljóð, hlustun og upplestur.	Kynning á gömlu þjóðskáldunum okkar, frumsamin ljóð.	Framsögn, upplestur.
Kvikmyndir notaðar sem kveikjur að verkefnum.	Ýmis myndbönd sýnd sem tengjast viðfangsefni hverju sinni .	
Upplestur mismunandi texta og textinn krufinn.	Blái hnötturinn.	Leiðsagnarmat og sjálfsmat.
Bekkjarfundir.	Bekkjarfundir.	Virgni.

Lestur og bókmenntir

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur velja bækur heima eða á bókasafni til að lesa í yndislestrarstundum og heima. Í skólanum er unnið með fjölbreytt söguform og ýmis verkefni til að auka lesskilning nemenda samkvæmt Byrjendalæsi. Markviss lestrarþjálfun. Kynnt verða fjölbreytt ljóðform fyrir nemendum.

Hæfniviðmið

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,
- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,
- beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,
- beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,
- aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,
- lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,
- valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Almenn kennsla Yndislestur Heimalestur Nestislestur	Skáldsögur, tímarit, myndasögur, fræðibækur o.fl. af skólabókasafni og að heiman.	Hraðlestrarpróf 3x á skólaári.
Nemendur velja sér lesefni á bókasafni og lesa í yndislestri (frjálsum lestri) í 20 mínútur á dag.	Frjálsar bækur af skólabókasafni í samráði við kennara.	Kvittunarhefti vegna heimalestrar. Lesskilningspróf, orðarún.
Nemendur lesa heima a.m.k. 5 sinnum í viku og foreldrar kvitta fyrir í þar til gerða bók.	Yndislestrarbækur.	Virkni.
Nemendur skrifa umsögn um bækur sem þeir lesa heima og í skóla.	Um bók (verkefni).	Verkefnablöð um bók.

Nemendur lesa valdar þjóðsögur, ævintýri, smásögur, dæmisögur og ljóð og vinna margvísleg verkefni úr þeim.	Lesrún og ýmis verkefni	Vinnubók.
---	-------------------------	-----------

Ritun

3

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur vinna fjölbreytt ritunarverkefni. Ritunarverkefni eru ýmist frjáls eða fyrirfram ákveðin af kennara. Nemendur eru þjálfaðir í að lýsa hlutum og athöfnum í nánasta umhverfi. Þeir skrá frásagnir um atburði úr eigin lífi og semja sögur. Nemendur vinna með ljóð og sögur og vinna upp úr heimildum. Nemendur þjálfá tengiskrift, fingrasetningu á lyklaborði tölvu og réttritun.

Hæfniviðmið

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,
- nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,
- beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,
- skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Nemendur þjálfá sig í tengiskrift og persónulega rithönd sína.	Skrift 4 og 5 og hin ýmsu ritunarverkefni.	Leiðsagnarmat.
Nemendur þjálfá sig í fingrasetningu á lyklaborði tölvu.	Fingrafimi og fingraleikir á nams.is.	
Nemendur vinna með orð af orði og safna saman í möppu.	Orðabók	Orðamappa

Nemendur vinna í ritun þar sem þeir fá hugmynd eða fyrirfram ákveðna hugmynd frá kennara, skrifa uppkast, fara yfir með kennara þar sem stafsetning og greinamerkjasetning er könnuð og hreinskrifa.	Ritun	Mat á ritunarverkum.
Sóknarskrift	Nemendur skrifa upp texta eftir fyrirmynd.	Símat, leiðsagnarmat.

Við lok 4. bekkjar getur nemandi: Dregið rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega. Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta (upphaf, meginmál og niðurlag), beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.

Málfræði

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Grundvallarhugtök í málfræði eru þjálfuð í gegnum ritun og verkefnavinnu. Nemendur læra um nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Einnig er unnið með sérhljóða, samhljóða, stóran og lítinn staf, stafrófsröð, tvöfaldan samhljóða, ng og nk regluna, n og nn, rímorð, samheiti og andheiti. Nemendur læra að fallbeygja einföld orð og stigbreyta lýsingarorð.

Hæfniviðmið

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,
- þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,
- leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,
- búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,
- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,
- leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki,
- gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
Nemendur læra stafrófið	Ýmis verkefni og leikir	Próf, virkni.
Nemendur vinna ýmis verkefni til að greina orðflokka og nýta þekkingu sína í eigin ritun.	<i>Ritrún 3,</i> Verkefni af Skólavefnum.	Próf og verkefnabækur.
Nemendur vinna verkefni til að þjálfa stafsetningu.	T.d. mál til komið, upplestur og ýmis verkefni.	Próf og verkefni.
Nemendur bæta við orðaforða sinn með því að vinna markvisst með samsett orð sem og orðum úr náms-efni. Orð af orði	Orðaforði úr viðfangsefni hverju sinni. Orð vikunnar	Vinnubók.
Nemendur skoða ljóðform og greina ljóðstafi og rím.	Ljóðspor og ýmis önnur verkefni.	Leiðsagnarmat.

Framvinda og árangur

Öll hæfniviðmið eru samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og flokkast eins og áður segir í: ***talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.***

Námsmat í íslensku er fjölbreytt og lögð er áhersla á hlustun, framsögn og áhorf. Íslenskunámið er gjarnan samþætt og samofið öðum námsgreinum s.s. samfélags- og náttúrugreinum. Nemendur eru hvattir til að sýna framfarir og góðan árangur en námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.

Nemendur í 4. bekk geta fylgst með framvindu og árangri með því að skoða hæfnikort sín í Mentor þar sem verkefni og próf hafa verið metin út frá hæfniviðmiðum. Nemendur fá námsmat að vori samkvæmt 5 hæfnitáknum Mentors. Þau eru: ***Framúrskarandi – hæfni náð – á góðri leið – þarfnast þjálfunar – hæfni ekki náð.***